

BORGARFJARÐARBRAUT(50) UM REYKJADALSÁ Í BORGARBYGGÐ

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning vegar um Reykjadalásá í Borgarbyggð sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Borgarbyggðar skv. skipulagslögum, starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og leyfi Fiskistofu skv. 33. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við samþykktu tillögu að Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 sem Skipulagsstofnun hefur til umfjöllunar og mun innan skamms verða send umhverfisráðherra til staðfestingar. Þar sem framkvæmdirnar eru á svæði sem nýtur verndar þarf að vinna deiliskipulag fyrir mannvirkin og skal það hafa hlotið samþykki áður en framkvæmdaleyfi er veitt. Deiliskipulagið er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 18. apríl 2011.

14. mars 2011

INNGANGUR

Þann 2. febrúar 2011 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaða lagningu vegar um Reykjadalsá í Borgarbyggð samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10 c í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Borgarbyggðar, Fiskistofu, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Borgarbyggð með tölvubréfi dags. 11. mars 2011, Fiskistofu með bréfi dags. 7. febrúar 2011, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 21. febrúar 2011 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 7. febrúar 2011. Frekari upplýsingar bárust frá Vegagerðinni með bréfum dags. 7. febrúar og 2. mars 2011.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Samkvæmt framlögðum gögnum Vegagerðarinnar er hér um að ræða framkvæmdir við Borgarfjarðarbraut (50), í þeim tilgangi að bæta vegasamband og auka umferðaröryggi í Borgarfirði, sem felast í því að nýr vegur verður lagður á rúmlega 1300 m kafla frá vegamótum Borgarfjarðarbrautar og Reykdælavegar til norðurs yfir Reykjadalsá og til austurs inn á núverandi Hálsasveitarveg. Um leið verða gerðar breytingar á vegamótum Borgarfjarðarbrautar og Hálsasveitarvegur á þann hátt að Borgarfjarðarbraut mun tengjast þessum nýja vegi með hornréttum vegamótum um 220 m norðan við 40 m langa, nýja brú yfir Reykjadalsá, sem verður byggð um 70 m austan við núverandi brú. Þessar breytingar á vegamótunum fela í sé lagningu nýs um 600 m vegakafla. Fram kemur að nýr vegur verði lagður samkvæmt vegtegund C8 sem geri ráð fyrir 8 m breiðum vegi og verði hönnunarhraði 90 km/klst. Fram kemur að efnispörf sé áætluð tæplega 40.000 m³, um 2000 m³ komi úr skeringum en um 38.000 m³ úr fjórum námum í landi Hamra, Brekkukots, Steindórsstaða og Guðnabakka/Síðumúla. Fram kemur að allar námurnar séu á aðalskipulagstillögu Borgarbyggðar en hvorki hafi verið ákveðið hvort efni verði tekið úr þeim öllum né hversu mikið magn verði tekið úr hverri þeirra.

Frágangur. Fram kemur að frágangi á vegskeringum og námum verði hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg og verði land sléttað í samræmi við landslag og halla umhverfis. Við uppgræðslu verði sáð gróðurtegundum sem skeri sig ekki úr umhverfinu auk þess sem öllum lífrænum jarðvegi verði ýtt í haug og geymdur til að nota við frágang þegar efnistöku ljúki. Fram kemur að núverandi vegur verði fjarlægður.

Umhverfisáhrif. Fram kemur að fyrirhuguð framkvæmd sé að hluta innan svæðis á Náttúruminjaskrá; Reykjadalsá í Borgarfirði. Nýr vegur komi til með að liggja að mestu um gróið land, aðallega ræktarland, en einnig beitarland og áreyrar en að hluta til um land þar sem gróðri hefur þegar verið raskað með vegagerð. Fram kemur að vegurinn komi til með að breyta ásýnd landsins óverulega og hafi hverfandi áhrif á jarðmyndanir, þ.m.t. svigðumyndun farvegs Reykjadalsár. Þá álitur Vegagerðin að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á vatnsbúskap á svæðinu og að ekki sé ástæða til að ætla að framkvæmdin hafi áhrif á fuglalíf, nema hugsanlega á meðan á framkvæmdum standi en ekki hafi farið fram sérstök athugun á fuglalífi á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Borgarbyggðar, Fiskistofu, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Fornleifavernd ríkisins bendir á að Minjavörður Vesturlands hafi skoðað fyrirhugað vegstæði og gengið úr skugga um að þar séu engar sýnilegar fornleifar. Þegar sú athugun hafi farið fram hafi ekki legið fyrir upplýsingar um efnistökusvæðin en í greinargerð komi ekki fram hvort um sé að ræða opnar námur eða ný efnistökusvæði sem leggja þurfi vegi að. Fornleifavernd ríkisins telur að fá þurfi Minjavörð Vesturlands til að skoða fyrirhuguð efnistökusvæði og hugsanlega aðkomu að þeim. Komi í ljós að skrá þurfi fornleifar á þessum svæðum þurfi að ráða fornleifafræðing til þess verks. Ef í ljós komi að fornleifum stafi hætta af fyrirhugaðri efnistöku þurfi Vegagerðin að hlýta þeim kröfum um mótvægisáðgerðir sem Fornleifavernd ríkisins kunni að setja fram vegna fornleifanna. Að því gefnu að farið verði að ofangreindum skilyrðum telur Fornleifavernd ríkisins að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að Vegagerðin hafi haft samband við Minjavörð Vesturlands og farið fram á að efnistökuastaðir vegna framkvæmda við Reykjadalssá verði skoðaðar áður en farið verði í verkhönnun vegarins. Farið verði eftir tilmælum minjavarðar og verktilhögun framkvæmdar miðuð við umsögn hans.

Í umsögn Fiskistofu kemur fram að ekki verði séð að efnistökuastaðir séu í eða nærri farvegum Reykjadalssár eða þverám hennar, en upplýsingar í framlögðum gögnum séu þó ekki nákvæmar hvað minni vatnsföll varðar. Ef einhver efnistökusvæði séu staðsett við árfarvegi, þurfi að skoða það sérstaklega í samræmi við 33. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að efnistökusvæði séu flest fjarri Reykjadalssá og þverám hennar. Náman við Steindórsstaði sé í melbarði um 0,9 km frá Reykjadalssá og 0,2 km frá Rauðsgili, sem sé lækur sem renni í Reykjadalssá. Ekki séu líkur á að efnistaka úr þeirri námu valdi gruggun Rauðsgils.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að Vegagerðin hafi haft samráð við Umhverfisstofnun um fyrirhugaða framkvæmd og hafi stofnanirnar verið sammála um að fjarlægja eigi núverandi brú og aðliggjandi vegakafli sem mótvægisáðgerð með hliðsjón af náttúruverndargildi Reykjadalssár. Í kynningarskýrslu komi fram að fjarlægja eigi aflagða vegkafli, en ekki sé tilgreint að fjarlægja eigi brúna. Umhverfisstofnun hafi óskað skýringa á þessari breytingu og hafi stofnuninni borist svar frá Vegagerðinni 8. febrúar sl., þar sem fram komi að gamla brúin á Reykjadalssá verði fjarlægð ásamt núverandi vegi. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin feli í sér óverulegar breytingar frá núverandi ástandi, þ.e. að ein veglína liggi um Reykjadalssá muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða nýlagningu vegar á um tveggja kílómetra kafla og gerð brúar yfir Reykjadalssá í Borgarfirði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um

matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 c í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur ljóst að ekki verði komist hjá því að vegur og brú muni hafa nokkrar ásýndarbreytingar í för með sér einkum á framkvæmdatíma. Stofnunin tekur undir með Umhverfisstofnun að núverandi vegur og brú verði fjarlægð með hliðsjón af náttúruverndargildi Reykjadalársár. Þá telur Skipulagsstofnun að framkvæmdir við veglagningu og efnistöku muni hafa í för með sér nokkuð staðbundið rask á gróðri en sú frágangstilhögun sem Vegagerðin hefur kynnt í framlögðum gögnum er að mati stofnunarinnar til þess fallin að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdanna á gróður. Skipulagsstofnun telur að í ljósi fyrirliggjandi upplýsinga muni framkvæmdir við veglagningu ekki hafa neikvæð áhrif á fornleifar. Vegagerðin hefur haft samband við minjavörð Vesturlands sem mun skoða efnistökusvæði m.t.t. fornleifa, áður en sótt verði um framkvæmdaleyfi. Ef að finnast fornleifar við athugun minjavarðar þá leggur Skipulagsstofnun áherslu á að farið verði eftir ábendingum í umsögn Fornleifaverndar ríkisins um fornleifaskráningu og mótvægisáðgerðir sem stofnunin kunnir að setja fram vegna fornleifanna. Skipulagsstofnun telur að veglagning og brúargerð kunnir að hafa nokkur neikvæð áhrif á fugla en að áhrifin verði fyrst og fremst bundin við framkvæmdatíma.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning vegar um Reykjadalssá í Borgarbyggð sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Borgarbyggðar skv. skipulagslögum, starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og leyfi Fiskistofu skv. 33. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við samþykktu tillögu að Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 sem Skipulagsstofnun hefur til umfjöllunar og mun innan skamms verða send umhverfisráðherra til staðfestingar. Þar sem framkvæmdirnar eru á svæði sem nýtur verndar þarf að vinna deiliskipulag fyrir mannvirkin og skal það hafa hlotið samþykki áður en framkvæmdaleyfi er veitt. Deiliskipulagið er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 18. apríl 2011.

Rut Kristinsdóttir

Jakob Gunnarsson

